



BEINT Í MARK

LOKASKÝRSLA UM ÞRÓUNARVERKEFNI
Í SALASKÓLA 2018-2019



Verkefnisstjóri: Anna Katrín Eiríksdóttir
Samningur númer UMS-27
Úthlutun 2018-2019

Markmið verkefnis

Í umsókn til Sprotasjóðs kom fram að markmið verkefnisins væri að þróa námsúrræði og viðfangsefni fyrir nemendur á mið- og unglíngastigi sem sýna verulegt áhugaleysi í námi og/eða eru farnir að mæta illa eða jafnvel fást ekki til að mæta í skólann.

Í samræmi við markmið var verkefnið hannað til að koma til móts við vaxandi hóp nemenda sem sýnir lítinn áhuga á námi, á erfitt með að sjá tilgang í skólagöngunni og flosnar jafnvel upp úr skóla. Rannsóknir víða um heim hafa sýnt að nemendur sem eru í þessum hópi sýna oft einkenni snemma á skólagöngunni. Einkennin geta verið tíðar heimsóknir til skólahjúkrunarfræðings eða ritara skólans, vera mikið á vappi á göngunum, eiga erfitt með að sjá tilganginn með verkefnum og ljúka þeim og skila, mæta illa o.s.frv.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Ráðinn var verkefnisstjóri við verkefnið. Hann fékk til þess ákveðinn tímafjölda á viku. Verkefni hans var að stýra vinnuhópi, halda utan um skipulag og sjá um samskipti við nemendur og foreldra þeirra.

Vinnuhópurinn fundaði að jafnaði mánaðarlega meðan á verkefninu stóð. Í honum voru kennarar, þroskaþjálfar, félagsráðgjafi, iðjuþjálfari og skólastjórnandi sem unnu að verkefninu. Fyrsta verkefni hópsins var að skoða hvaða nemendur skólans féllu í þann hóp sem verkefnið næði til. Um 25 nemendur í 7. - 10. bekk komu til greina og var sá hópur flokkaður enn frekar eftir mætingum og ástundun. Nokkrir þessara nemanda voru hættir að mæta í skólann og ýmislegt hafði verið reynt til að bregðast við því en án árangurs. Ákveðið var að beina kröftum verkefnisins í byrjun í fyrirbyggjandi starf með um 10-15 nemendum sem mættu í skólann en voru í verulegri hættu á að flosna upp úr skólanum eða missa áhugann alveg. Einnig var ákveðið að vinna með hópinn sem hættur var að mæta á öðrum vettvangi, enda blasti við að sá hópur myndi trauðla fást til að mæta, þrátt fyrir spennandi tilboð í skólanum.

Hópurinn las sig til um skólaforðun og verkefnisstjóri og aðstoðarskólastjóri sóttu Erasmusnámskeið um skólaforðun til Madrid á Spáni og margir úr vinnuhópnum sóttu morgunfund og síðar ráðstefnu um skólaforðun sem haldin voru í Reykjavík.

Til þess að ná markmiðinu voru farnar ólíkar leiðir og leitast við að miða við ólíkan áhuga og þarfir þeirra nemenda sem tóku þátt. Lögð var áhersla á verkleg viðfangsefni og að auka skólalífsgæði, skólagleði og líðan í skólanum hjá þessum nemendum. Boðið var upp á fjölbreyttari kennslustundir og námsefni en allajafna er á efri stigum grunnskólans. Reynt var að styðja við sterkar hliðar nemenda og leiðir fundnar með þeim til að fást við verkefni sem vöktu áhuga þeirra. Með því var leitast

við að koma til móts við nemendur sem eiga erfitt með að sjá tilgang með ákveðnum námsgreinum eða sýna aðra hegðun sem bendir til vanlíðanar í skólanum.

Notað var svokallað smiðjuform, hóparnir fámennir og námsefnið sniðið að þeim nemendum. Þeir völdu sér smiðju eða smiðjur sem þeir höfðu áhuga á og hvert tímabil var um fimm vikur.

Markmið smiðjanna var að

- styðja við og efla sterkar hliðar nemandans
- aðstoða nemandann við að finna það sem vakti áhuga hans og hann gæti stefnt að í framtíðinni
- fjölga verklegum kennslustundum og fækka bóklegum
- efla félagsfærni og sjálfstraust nemenda
- fjölga gleðistundum í skólanum
- tengja verkefnin við daglegt líf og gagnlegt nám þannig að það hafi tilgang í huga nemendanna

Nemendur tóku þátt í ýmsum námskeiðum í vetur, sumir einu en aðrir mörgum. Smiðjurnar sem boðið var upp á voru:

Smiðja	Kennari
Hreyfing og heilsuefling	Íþróttakennari
Sköpun og tækni	Nýsköpunarkennari og þroskaþjálfari
Áhugasvið með kynnisferðum Farið var t.d. í Listaháskólann (leiklistardeild), CCP, Securitas, snyrti- og hársnyrtiskóla, Landhelgisgæsluna, sund, skyldingar ofl.	Þroskaþjálfari og kennari í sérhæfðum verkefnum
Nemendur sem aðstoðarkennarar, að styðja við lestur yngri nemenda ofl.	Þroskaþjálfari
Heimilisfræði og næring	Heimilisfræðikennari
Félagsfærni og sjálfsstyrking	Þroskaþjálfari
Skapandi listir, skrif og teikning	Náttúrufræði- og myndmenntakennari
Textíl- og fatahönnun	Listgreinakennari
Að setja saman 3D prentara	Verkefnisstjóri í upplýsingatækni

Kennslustundum Beint í mark var raðað á seinni hluta skóladagsins, í kring um hádegi eða eftir hádegi þar sem því var við komið. Var það vegna þess að þá eru nemendur oft ekki lengur með úthald í verkefni sem vekja ekki áhuga þeirra og krefjast einbeitingar. Einnig hafa þeir þá eitthvað að hlakka til þegar líður á daginn.

Góður hópur kennara og þroskaþjálfra tók virkan þátt í framkvæmd verkefnisins og reyndist nemendum ómetanlegur stuðningur í gegn um það.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefni var unnið í samræmi við áætlun og ekki um frávik að ræða frá því sem kemur fram í áætlun sem sett var fram í umsókn um verkefnið.

Hindranir

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins voru þær að þeir nemendur sem hættir eru að mæta í skólann fengust ekki til þátttöku. Það varð því að líta á það sem fyrirbyggjandi starf og horfa til þess hóps sem var farinn að sýna einkenni skólaforðunar en mætti þó nokkuð í skólann. Í þeim hópi mátti einnig finna einstaklinga sem ekki sýndu mikinn áhuga en var þó hægt að hrífa með.

Ávinningur

Brottfall nemenda eða skólaforðun er verulegt og vaxandi vandamál í grunnskólum á Íslandi og fleiri löndum. Viðbrögð við því hafa verið fremur veik og jafnvel fálmkennnd enda hefur þekking á fyrirbærinu verið af skornum skammti. Með þessu verkefni hefur orðið til mikilvæg þekking í skólanum á skólaforðun og verður hún notuð áfram í fyrirbyggjandi starfi með nemendum sem eru í áhættu. Verkefnið hefur jafnframt greint betur ólík form skólaforðunar og að mikilvægt er að nálgast viðfangsefnið með ólíkum aðferðum.

Þeir nemendur sem tóku þátt í verkefninu upplifðu skólastarfið á jákvæðari hátt en áður. Þeir lýstu ánægju með verkefni sem þeir voru að vinna og leið betur í skólanum en áður.

Verkefnið fékk jákvæðan byr innan skólans og það vinnulag sem þar var notað vakti athygli á hve fjölbreyttar kennsluaðferðir og viðfangsefni eru mikilvæg í að bæta líðan nemenda.

Mat á verkefninu

Verkefnið var metið með einstaklingsviðtölum við nemendur, hópfundi kennara sem að verkefninu unnu og með tölvupóstsamskiptum og könnunum til foreldra.

Kennararnir voru á einu máli um að vel hefði tekist til. Það er þó ýmislegt sem þarf að hafa í huga þegar unnið er með svo viðkvæman hóp nemenda. Það þarf að raða vel í hópana svo allir fái að sýna sínar sterku hliðar, fái að vera þeir sjálfir og dragist ekki í ranga átt með öðrum nemendum sem eiga í meiri vanda en þeir. Þá kom fram hjá kennurunum að sumir nemendur þurfa jafnvel aðra og enn meiri aðstoð en svona verkefni getur komið til móts við.

Kennararnir nefndu einnig að sköpunarþörf nemendanna hefði verið mikil og þeir hefðu stundum þurft að vera á fullu við að reyna að halda í við nemendurna og finna til verkefni og leiðir til að vinna þau. Mismikill metnaður var hjá nemendum í að búa til hluti en afrakstur var ekki markmið í sjálfu sér, heldur vellíðan og spjall, öryggi og gleði.

Nemendur voru sammála um að gaman hafi verið að taka þátt í verkefninu, að þeir hefðu haft ánægju af fjölbreytninni og að þurfa ekki alltaf að vera að gera það sama. Allir voru þeir ánægðir með kennslustundirnar og myndu kjósa að taka þátt samskonar verkefni á næsta skólaári. Sumir voru mjög spenntir fyrir því að fá leyfi til að bjóða vinum sínum með og voru nokkrir vinanna búnir að biðja oft um að fá leyfi til að bætast í hópinn.

Nemendurnir voru nokkuð góðir í að greina sjálfir hvað það var sem þeim fannst best við verkefnið. Einn sagðist eiga betra með að einbeita sér ef hann vissi að hann þyrfti ekki að vera allan daginn að læra eins verkefni. Margir voru hrifnir af því að fá tækifæri til að skapa eitthvað í skólanum, fá fjölbreytni í daginn og að fá ábyrgð eins og að setja saman þrívíddarprentarann sjálfir. Fyrir nokkra nemendur voru þessar kennslustundir haldreipi sem gerðu skóladaginn bærilegan og það skipti þá miklu máli að fá svona kennslustund á hverjum degi.

Foreldrar voru einnig ánægðir með verkefnið og töldu það hafa haft jákvæð áhrif á sín börn. Sumir þeirra gagnrýndu að þeir hefðu viljað fá að fylgjast betur með hvað var gert í Beint í mark kennslustundunum en voru ánægðir með tilboðið. Ein móðir sagði:

„Mér finnst frábært að skólinn sé að koma til móts við nemendur á þennan hátt og hafi skilning og sveigjanleika til að koma til móts við nemendur sem virðast ekki fitta inn í hefðbundnu námskrána“.

Önnur móðir hafði þetta að segja í lok verkefnisins:

„Sonur minn var mjög ánægður með þetta verkefni og það varð til þess að hann var spenntur að fara í skólann á hverjum degi. Það var ný upplifun á þessu heimili þegar hann varð fúll þegar það var frí í skólanum þá var hann að missa af tímum. Þannig að þetta verkefni hentaði mínum dreng fullkomlega. Það er góð tilfinning að þurfa ekki að

byrja alla morgna á ýmist jákvæðu peppi eða rifrildi um skólaskyldu. Ég vona að þetta verkefni eða annað svipað haldi áfram á næsta skólaári. Ég verð líka að hrósa kennurunum fyrir upplýsingastreymi sem var mjög gott. Ég vissi alltaf með góðum fyrirvara hvað var á döfinni”.

Nemendur og foreldrar voru allan tímann jákvæðir í garð verkefnisins. Sumir nemendur voru fljótir að sjá út að hægt væri að fá að fara í fleiri en eina smiðju í einu og tveir þeirra voru ekki í rónni fyrr en þeir voru búnir að fá eina Beint í mark kennslustund á hverjum skóladegi vikunnar.

Helst bar á að foreldrar óttuðust að börn þeirra myndu missa úr öðru námi á meðan á Beint í mark tímum stóð. Oft voru þessir nemendur þó í vanda með að sýna áhuga og virkni í kennslustundum þannig að kennurum fannst það ekki koma mikið að sök og töldu betra að nemendur fengjust við eitthvað sem vakti áhuga þeirra og þeim liði vel með.

Í heildina má því álykta að verkefnið hafi heppnast nokkuð vel fyrir þá nemendur sem tóku þátt í því. Í kennarahópnum kom þó upp umræðan um að ef til vill myndi verkefni sem þetta nýtast enn betur yngri nemendum en þátttakendur voru að þessu sinni úr 7. - 10. bekk. Ákveðið hefur verið að halda áfram með svipaða vinnu næsta ár og stefnt er að nemendum frá 5. - 9. bekk verði með í verkefninu. Það er mikilvægt að virkja og kveikja áhuga þeirra sem sýna þess merki strax á miðstigi að þrífast ekki í hefðbundnu námi.

Niðurstöður verkefnisins

Verkefni þetta beindist að nemendum í 7. - 10. bekk sem þjáðust af skólaleiða og voru að missa áhugann á skólanum og farnir að sýna einkenni skólaforðunar. Sú leið sem farin var að bjóða þessum nemendum upp á stutt námskeið og áhugaverð fyrir þá sýnir að slík uppbot geta haft veruleg áhrif á líðan þeirra og viðhorf til skólastarfsins. Það undirstrikar mikilvægi þess að nemendur eigi kost á fjölbreyttum viðfangsefnum í námi og þeir hafi nokkurt val um hvað þeir gera og hvernig.

Greiningin sem gerð var á nemendum í upphafi verksins dró skýrt fram hversu ólíkur hópurinn er sem hefur fallið úr skóla eða er í hættu á að falla úr skóla. Það undirstrikar mikilvægi þess að koma til móts við nemendur á fjölbreyttan hátt í náminu. Það er mikilvægt að hafa í huga að einkenni skólaforðunar koma gjarnan snemma fram og geta t.d. verið tíðar heimsóknir til skólahjúkrunarfræðings eða ritara skólans, vera mikið á vappi á göngunum, hafa lítið úthald og litla seiglu í náminu, eiga erfitt með að sjá tilganginn með verkefnum, erfitt með að ljúka þeim og skila og mæta illa.

Þeir nemendur sem eru hættir að mæta í skólann þurfa öðruvísi aðstoð við að leysa sín vandamál. Í framhaldi af þessu verkefni er ætlun skólans að leita leiða til sem gagnast gætu þar.

Óhætt er að segja að markmiðið sem sett var í upphafi verkefnisins hafi náðst að því undanskildu það leysti ekki vanda þeirra nemenda sem voru hættir að mæta í skólann. Verkefnið er því fyrirbyggjandi og bjó til gleðistundir í skólanum hjá nemendum sem farnir voru að sýna veruleg merki skólaleiða.

Salaskóli hefur ákveðið að halda áfram með verkefnið á þeim grunni sem þegar hefur verið byggður. Vinnuhópurinn mun þróa það áfram og einbeita sér að nemendum í 5. - 9. bekk. Þá verður farið í sérstaka vinnu til að finna leiðir sem gagnast nemendum sem hættir eru að mæta í skólann.


Til þess að verkefni af þessu tagi gangi upp þarf það að eiga góðan stuðning innan skólans, bæði hjá kennurum og skólustjórnendum. Skólaforðun er mjög alvarlegt mál og það þarf að gera ráð fyrir kennslustundum og fjármagni til að vinna fyrirbyggjandi starf af þessu tagi. Þeir fjármunir skila sér margfalt til baka.

Kynning á verkefninu

Verkefnið verður kynnt rækilega innan skólans ásamt því sem upplýsingar um verkefnið verða aðgengilegar á heimasíðu Salaskóla. Einnig verður verkefnið kynnt fyrir fræðslufirvöldum í Kópavogi og hvar sem eftir því verður óskað. Þá verður verkefnið kynnt í veftímariti fyrir skólafólk.

Kópavogi 14. Júní 2019


Anna Katrín Eiríksdóttir, verkefnisstjóri


Hafsteinn Karlsson, skólustjóri